


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
MYL213-Grafík		
Haust 2014		

Kennari	Arna G. Valsdóttir	Sk.st.	AVA
----------------	--------------------	---------------	-----

Fundartími kennara: Miðvikudagur kl. 10:00 – 10:40 Kennarastofa listnámsbraut

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um listgrafík. Hvað er grafík og hver er sérstaða hennar innan myndlistarsviðs. Unnin er teikning fyrir grafík og skoðað hvernig mismunandi þrykk aðferðir kalla á mismunandi vinnu.

Markmið:

Markmið áfangans er að kynna grafík sem fræðigrein og gefa innsýn í þrjár grafík aðferðir; einþrykk, hæðarþrykk og djúpprykk. Unnin er skissuvinna, kennt að þrykkja svo það uppfylli kröfur um að teljast upplag og kynnt hvernig merkja ber grafíkmyndir. Kennnd er umgengni við grafíkpressu og einnig hvernig þrykkt er án hennar.

Kennsluhættir:

Kennsla fer fram með fyrirlestrum um grafík, mynddæmum og sýnikennslu. Kennari leiðbeinir um frumdrög og kennir að yfirfæra frumdrög á grafíkplötu. Hann kynnir þau efni sem notuð eru og kennir meðferð á þeim verkfærum sem tilheyra grafískum aðferðum. Einnig er kynnt hvernig ganga á frá grafíkmyndum, til geymslu og- eða sýninga.

Kennslan fer fram með fyrirlestrum, sýnikennslu í handverki og einstaklingskennslu þar sem nemandi er leiðbeint um efnistöð.


Áætlun um yfirferð:

Vika 36, 37 – Einþrykk
Vika 38, 39 og 40 – Blönduð tækni
Vika 41, 42, 43 og 44 – Hæðarþrykk
Vika 45, 46 og 47 – Djúpprykk
Vika 48 – Frágangur, skil

Skil:

Nemendur skila grafíkmyndum, minnst átta í hverri þrykkaðferð sem kennd er. Nemendur skulu leitast við að gera hvert þrykk þannig að það uppfylli kröfur um að geta talist upplag. Fjórum myndum af upplaginu skal skila í kartoni.

Nemandi skilar að auki vinnumöppu með vinnuferlinu frá fyrstu frumdrögum til lokaprykks. Í vinnumöppu skal einnig skrifa um þau efni sem notuð eru og gefa sýnishorn af þeim.

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011	MYL213-Grafík Haust 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsmat:

Metið verður hversu vel nemandi tókst að vinna fram hugmyn og útfæra frumdrögin fyrir hinar mismunandi grafíkaðferðir. Einnig er metið hversu vel tókst að þrykkja þannig að það standist kröfur um upplag. Gefið verður vinnumöppu, frumdrög og handverkskunnáttu.

Vægi námsþátta:

Grafíkverk, upplag	50%
Úrvinnsla, glósur	25%
Vinumappa	20%
Ástundun	5%

Með fyrirvara um breytingar

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils